

**Kynning á nýjum íslenskum ráðgjafasjóði hjá Alþjóðalánastofnuninni, IFC**  
**Föstudaginn 3. febrúar, kl. 8:30**

**Inngangsorð**

**Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri,  
fyrir hönd Geirs H. Haarde, utanríkisráðherra**

Kæru gestir,

I'd like to begin by giving a warm welcome to our guests from the International Finance Corporation, Mr. Mwaghazi Mwachofi, Director for Trust Funds, and Mr. Anton van Ruiten, Project Officer at the Trust Fund Department. I'm very pleased to be able to introduce here today this hopefully new era of a fruitful relationship between Iceland and IFC.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll velkomin hingað í dag þar sem við tilkynnum um stofnun nýs íslensks ráðgjafasjóðs. Utanríkisráðuneytið hefur gert samning við Alþjóðalánastofnunina, International Finance Corporation (IFC), undirstofnun Alþjóðabankans, um nýjan íslenskan ráðgjafasjóð. Við stofnun sjóðsins hefur hann 240.000,- Bandaríkjadali til ráðstöfunar. Ef vel tekst til er það vilji utanríkisráðherra að efla enn frekar samstarf Íslands og IFC, meðal annars með reglulegum framlögum í sjóðinn.

Markmið sjóðsins er að greiða fyrir tæknilega ráðgjafabjónustu íslenskra ráðgjafa í verkefnum á vegum IFC. Sjóðurinn mun þannig gefa íslenskum fyrirtækjum og ráðgjöfum tækifæri á að vinna náið með IFC á sviði einkageirans á nýjum mörkuðum og í þróunarríkjum og vonandi einnig stuðla þannig að uppbyggingu aukinna viðskipta íslenskra fyrirtækja við þróunarlöndin.

Stofnun sjóðsins er mikilvægur áfangi fyrir samstarf Íslands og IFC, en utanríkisráðuneytið hefur á undanförunum misserum unnið að því að styrkja samskipti Íslands og Alþjóðabankans á sviði þróunarsamvinnu. Áhersla hefur verið lögð á sjávaraúvegsmál, orkumál og þróun einkageirans í samstarfi við IFC. Á síðasta ári tók utanríkisráðuneytið m.a. þátt í samstarfsverkefni um úttekt á sjávarútvegsmálum í Rússlandi ásamt IFC, sjávarútvegsráðuneytinu og fimm íslenskum fyrirtækjum. IFC hefur einnig komið við sögu í viðskiptum íslenskra fyrirtækja, nú síðast hjá Lánstrausti eða Credit Info Group og ekki ólíklegt að fleiri íslensk fyrirtæki eigi eftir að nýta sér þekkingu og þjónustu IFC í framtíðinni, enda er hér um góðan bakhjarl að ræða í uppbyggingu viðskipta á lítt þekktum og áhættusamari mörkuðum.

Markmið IFC er m.a. að auka þátttöku einkageirans í þróunaraðstoð. Í stefnumiðum Íslands um þróunarsamvinnu eru m.a. lagðar línur um að leita leiða til að vinna að aukinni aðkomu einkageirans að málefnum þróunarsamvinnu. Það er einnig ljóst að ef þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eiga að nást, þar sem þjóðir heims samþykktu að leggjast á eitt við að berjast gegn fátækt í heiminum, er nauðsynlegt að virkja kraft og þekkingu einkageirans.

Allt ber þetta að sama brunni. Einkageirinn getur spilað stórt hlutverk í efnahagslegri framþróun fátækari ríkja heims. Við Íslendingar getum svo sannarlega miðlað af okkar þekkingu og ekki vantar kraftinn í einkageirann eins og íslensk útrás á undanförunum misserum ber berlega með sér.

Við erum stolt af því að geta stofnað þennan sjóð, auk þess að geta státað af þeim möguleika á að bjóða fram gott úrval íslenskra ráðgjafa. Sjóðurinn mun styrkja IFC í sínum verkefnum sem miða að því að draga úr fátækt með þáttöku einkageirans, en um leið eykst samstarf íslenskra fyrirtækja og Alþjóðabankans. Allir hagnast af tilkomu sjóðsins.

Now, if I shift briefly back to English in order to hand over the torch to our good guests for a more detailed description of IFC's role and the new Icelandic Trust Fund.

Thank you.